

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur verið ákveðið að afnema bann við vinstri beygju frá Laugavegi til norðurs í Nóatún.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 18. júlí 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 245.

24. júlí 1973.

AUGLÝSING

um breyting á reglum um hreindýraveiðar á Austurlandi 1973.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Heimilt skal að veiða allt að 1006 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skafta-fellssýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1973. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1. Vopnafjarðarhreppur	30	hreindýr
2. Fljótaldalshreppur	173	—
3. Jökuldalshreppur	173	—
4. Fellahreppur	103	—
5. Tunguhreppur	103	—
6. Hlíðarhreppur	34	—
7. Hjaltastaðahreppur	37	—
8. Skriðdalshreppur	63	—
9. Vallahreppur	63	—
10. Egilsstaðahreppur	17	—
11. Eiðahreppur	37	—
12. Breiðdalshreppur	43	—
13. Beruneshreppur	30	—
14. Geithellahreppur	30	—
15. Búlandshreppur	10	—
16. Bæjarhreppur	30	—
17. Nesjahreppur	30	—

1 006 hreindýr

3. gr.

Breyting þessi á reglum nr. 209/1973, um hreindýraveiðar á Austurlandi 1973, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 24. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.